

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi:

Mosagata 9-27 (9-15) – breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, vesturhluti.

Tillagan gerir ráð fyrir því að lóðin verði sameinuð í eina lóð. Gert er ráð fyrir sameiginlegri bílgeymslu á lóð. Fjölbýlishúsum á lóð verði snúið og svalagangar verði heimilaðir á garðhlið. Fallið er frá hugmynd um parhús mót Mosagötu en íbúðarhluti færður að Mosagötu. Íbúðum fjölgar um tvær.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 31. ágúst 2017.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 1. september 2017